



# Sjálfsmatskýrsla 2021 - 2022



Sandgerðisskóli  
vöxtur - virðing - vilji - vinátta

Bylgja Baldursdóttir

## EFNISYFIRLIT

---

1	Inngangur.....	3
2	Skólinn .....	3
2.1	Stjórnun .....	3
2.2	Hlutverk.....	4
2.3	Þjónusta.....	4
2.4	Innra starf.....	5
2.5	Fjármál.....	5
2.6	Mannauður .....	6
2.7	Samfélag.....	6
2.8	Sjálfsmatsviðmið.....	7
3	Markmið og tilgangur matsins .....	7
3.1	Staða sjálfsmats að vori 2021 .....	7
3.2	Verkefni og mælikvarðar.....	7
3.3	Matsáætlun .....	8
4	Aðferðir, framkvæmd og niðurstöður sjálfsmats.....	9
4.1	Rannsóknaraðferðir og þátttakendur .....	9
4.2	Helstu niðurstöður.....	9
	<i>Gagnaöflun, skráning og úrvinnsla .....</i>	<i>10</i>
	<b>4.3 Skólapúlsinn – foreldrakönnun.....</b>	<b>12</b>
	<b>4.5 Önnur gögn.....</b>	<b>14</b>

4.5.1 Ýmsar kannanir .....	15
4.3.1 Niðurstöður fleiri þátta .....	15
5 Samantekt og umbótaáætlun .....	16
<b>5.1 Matsniðurstöður .....</b>	<b>16</b>
5.1.1 Styrkleikar .....	16
5.1.2 Veikleikar.....	18
6 Framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2022-2023.....	20
6.1 Árangursmiðun – Framtíðarsýn metin.....	24
Innra mat.....	26
Hvað er það og fyrir hvern? .....	26

# 1 Inngangur

---

Sandgerðisskóli hefur starfað við Skólastræti frá árinu 1938 eða í 84 ár. 291 nemandi (vor 2022) stunduðu að jafnaði nám við skólann og eru 67 starfsmenn starfandi við skólann, ýmist í fullu starfi, hlutastarfi eða við stundakennslu. 39 kennarar og einn þroskaþjálfari eru starfandi við skólann þ.á.m. eru stjórnendur og náms- og starfsráðgjafi. 19 aðrir starfsmenn eru starfandi við skólann, ritari, umsjónarmaður, verkefnisstjóri tölvumála, skólaliðar og stuðningsfulltrúar ýmist í heilu starfi eða hlutastarfi. Við skólann er einnig starfrækt Skólasel þar sem nemendur eru í gæslu að skóladegi loknum. Á Skólaseli starfa að jafnaði fjórir starfsmenn. Bókasafn Sandgerðis er rekið í skólahúsnæðinu og veitir skólastjóri því forstöðu, það er opið nemendum, starfsfólki og almenningi á skólatíma. Innangengt er úr skóla í Tónlistarskóla Sandgerðis, bókasafn eins og áður sagði, Skólasel sem og í íþróttamiðstöð og sundlaug sem nemendur hafa aðgang að. Samstarf er víðtækt við Tónlistarskólann og Hjallastefnuleikskólann, Sólborg í Sandgerðishluta Suðurnesjabæjar. Auk þess sem barnakór er rekinn í samvinnu við tónlistarskólann.

## 2 Skólinn

---

Skólinn býr við góða aðstöðu, en farið er að þrengja að húsnæði og viðhald er áscættanlegt. Skólalóðin er stór og ákjósanleg til útivistar og leiks og er hún opin jafnt á skólatíma sem utan hans. Í skólastarfinu er áhersla lögð á uppbyggingarstefnuna, Uppeldi til ábyrgðar og nýtingu umhverfisins og nærsamfélagið allt nýtt til kennslu þar sem bæjarstæðið býður upp á margvíslega návist við náttúruna. Skjöldur, eineltisáætlun skólans, sem miðar að jákvæðum samskiptum er nýtt markvisst og í sífelldri endurskoðun. Áætlunin er afar metnaðarfull og sameinar hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar (e. Restitution), vinnu gegn einelti með jákvæðum samskiptum og áætlun um viðbrögð ef upp kemur samskiptavandi eða grunur vaknar um einelti. Skólinn er heilsueflandi skóli og hafa ákveðin skref í þá átt verið tekin jafnt og þétt á síðustu misserum. Lestrarstefna skólans er afar metnaðarfull og efla þarf áhuga eldri nemenda enn frekar á lestri.

### 2.1 Stjórnun

Skólastjóri er forstöðumaður og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart bæjarstjórn. Hann stjórnar skólanum ásamt aðstoðarskólastjóra og deildarstjórum og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu. Tveir deildarstjórar starfa við skólann og stýra faglegu starfi ásamt stjórnendum og mynda þessir fjórir aðilar stjórnunarteymi skólans. Annar deildarstjóranna sinnir þörfum hins almenna nemanda og stýrir faglegu starfi meðal kennara, uppbroti og kennsluráðgjöf ásamt því að vera í stöðu leiðsagnarkennara. Hinn deildarstjórinn hefur umsjón með skipulagningu og framkvæmd sérkennslu og sérúrræða þ.m.t. í samráði við sérkennara og þroskaþjálfara og hefur yfirumsjón með starfsemi garðanna (Ásgarður, Riddaragarður, Þjóðgarður og Mikligarður). Þrír verkefnastjórar starfa við skólann, verkefnisstjórar læsis (BL og yngsta stig – eldri stig), og verkefnisstjóri stoðþjónustu í Riddaragarði.

## 2.2 Hlutverk

Hlutverk Sandgerðisskóla er að hafa faglega forystu og ábyrgð á menntun sex til sextán ára barna í Suðurnesjabæ. Honum er ætlað að stýra og fylgja eftir framsækinni stefnumótun í skólamállum sem er í stöðugri þróun og endurskoðun á ári hverju í takt við skólafestu Suðurnesjabæjar. Sandgerðisskóli vinnur samkvæmt skýrum markmiðum sem skipt hefur verið upp í fimm flokka; *þjónusta, innra starf, fjármál, mannauður og samfélag*. Þar má finna leiðir til að ná markmiðunum og mælitæki.

Stefnt er að því að nemendur geti notið bernsku sinnar í skólastarfi, eftt hæfileika sína og séu öruggir í öllu námi og starfi á vegum skólans og að allir í skólasamfélaginu kappkosti í sameiningu að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag þar sem öryggi, vellíðan, heilbrigði og jákvæð samskipti eru höfð í hávegum. Einnig er markmiðið að stuðla að góðu samstarfi og samráði milli foreldra og skóla um nám nemenda, hegðun og samskipti. Leiðarljós Sandgerðisskóla, bæði í leik og starfi, eru gildin; *vöxtur, virðing, vilji og vinátta*.

Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum en skólinn, í samstarfi við heimilin, veitir börnum og unglingum einstaklingsmiðaða menntun til að takast á við líf og starf í skóla án aðgreiningar eins og Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um (2011). Hlutverk skólans eins og segir í skólanámskrá hans er m.a. að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra. Í henni er kennsluskrá fyrir hvern bekk auk almennra upplýsinga. Þeir nemendur sem víkja frá almennum markmiðum fyrir hvern árgang vinna eftir einstaklingsnámskrá. Einstaklingsnámskrá er unnin í samvinnu stjórnenda, kennara, sérkennara, þroskaþjálfara og foreldra undir öruggri stjórn deildarstjóra stoðþjónustu.

## 2.3 Þjónusta

*Stefna Sandgerðisskóla er að:*

- standast ætíð kröfur og lög um grunnskóla,
- bjóða upp á vandað einstaklingsmiðað nám við hæfi hvers og eins þar sem tekið er tillit til þjóðernis, félagslegrar stöðu og sérþarfa einstaklinga,
- nemendum líði vel og þyki gaman í skólanum,
- virðing sé höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum starfsfólks, nemenda og foreldra,
- gott upplýsingaflæði sé milli skóla, heimila og samfélags.

## 2.4 Innra starf

*Stefna Sandgerðisskóla er að:*

- unnið sé eftir skólanámskrá sem uppfyllir kröfur laga og aðalnámskrár grunnskóla,
- kennsluáferðir séu fjölbreyttar og hæfileikar hvers og eins fái notið sín í námsumhverfi sem er aðlaðandi og hvetjandi,
- gera nemendur sjálfstæða í námi,
- fylgja læsisstefnu skólans,
- vinna samkvæmt hugmyndafræði Uppbyggingar (e. Restitution) þvert á allt skólastarf,
- stuðla að auknum félagsþroska nemenda og rækta með þeim mannúð og virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu,
- skipulag nýbúafræðslu og stoðþjónustu sé gott og aðgengilegt þeim sem að því koma,
- námsárangur sé viðunandi og í samræmi við þrepamarkmiðum *aðalnámskrár grunnskóla*,
- þátttaka foreldra sé öflug, víðtæk og markviss,
- sjálfsmat sé hluti af starfi skólans,
- verkferlar og vinnubrögð séu skýr,
- verkaskipting stjórnenda og annarra starfsmanna sé skýr og öllum ljós,
- búnaður og aðstaða sé eins og best verður á kosið,
- halda áfram góðu samstarfi við Leikskólann Sólborg þar sem unnið hefur verið að verkefninu „*Brúum bilið*“,
- halda áfram góðu samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskólann við Ármúla,
- halda áfram góðu samstarfi við Tónlistarskóla Sandgerðis,
- agamál og líðan nemenda séu í góðum farvegi,
- ná að vinna eftir markmiðum nýrrar Fræðslu- og frístundastefnu Suðurnesjabæjar 2021 - 2025.

## 2.5 Fjármál

*Stefna Sandgerðisskóla er að:*

- skólinn hafi á hverjum tíma úr nægu fjármagni að spila til að sinna hlutverki sínu af þeim krafti sem hann ætlar sér,
- rekstur sé sem hagkvæmastur og í samræmi við fjárhagsáætlun.

## 2.6 Mannauður

*Stefna Sandgerðisskóla er að:*

- hafa ætíð vel menntað og hæft starfsfólk að störfum,
- starfsmenn taki þátt í mótun skólastarfsins og stefnu skólans,
- móta gott og hvetjandi starfsumhverfi þannig að öllum líði vel í starfi,
- hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín í hvetjandi og uppbyggilegu starfsumhverfi,
- móta sér eigin endurmenntunaráætlun út frá stefnu skólans og þörfum,
- allir starfsmenn hafi aðgang að endurmenntun við hæfi,
- allir kennarar móti sér áætlun um endurmenntun í samræmi við stefnu skólans,
- allir starfsmenn séu meðvitaðir um hlutverk sitt og ábyrgð í skólastarfinu,
- skapa stöðugleika í starfsmannahaldi,
- standa vörð um jafnan rétt kynjanna,
- allir starfsmenn taki þátt í aðgerðaráætlun gegn einelti, að Skjöldur sé virkur.

## 2.7 Samfélag

*Stefna Sandgerðisskóla er að:*

- stuðla að samstarfi við grenndarsamfélagið,
- stuðla að jákvæðri ímynd skólans og menntunar,
- vera lifandi miðstöð í bæjarfélaginu þar sem allir eru velkomnir,
- vera öllum opinn og í góðum tengslum við nánasta umhverfi, náttúru, menningu og atvinnulíf,
- skólastarfið sé ekki bundið innan veggja skólans og skólahúsnæðið standi annarri uppbyggilegri starfsemi til boða sem stuðlar að velferð samborgara og auki hag samfélagsins.

## 2.8 Sjálfsmatsviðmið

Við árlega endurskoðun starfsáætlunar fyrir Sandgerðisskóla og áætlunar um úrbætur er unnið út frá útkomu úr fyrra sjálfsmati. Þá er gerð áætlun um úrbætur og viðhald fyrri styrkleika. Þannig eru sett viðmið um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu. Þá er horft sérstaklega til hvers þáttar: þjónustu, innra starfs, fjármála, mannauðs og samfélags.

## 3 Markmið og tilgangur matsins

---

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 eru ákvæði þess efnis að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans.

Sandgerðisskóli hefur frá haustinu 2007 unnið markvisst að umbótum með sjálfsmati.

Í starfsáætlun skólans og skólanámskrá er stefnu Sandgerðisskóla gerð skil. Hlutverk sjálfsmatsins er að kanna hvort skólinn sé að ná þeim markmiðum sem þar eru sett fram og segja frá þeim úrbótum sem gera þarf til að markmið náist og leiðir til að viðhalda jákvæðum árangri.

### 3.1 Staða sjálfsmats að vori 2021

Sandgerðisskóli hefur á undanförunum 15 árum innleitt sjálfsmat og þar með eflt innra mat skólans verulega. Kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir nemendur, foreldra og kennara, allir starfsmenn taka þátt í starfsmannakönnun sem lögð er til grundvallar starfsmannasamtala. Auk þess voru lögð fyrir samræmd próf og tekur skólinn þátt í stórum rannsóknum á gengi og árangri nemenda m.a. rannsóknum *Rannsóknna og greiningar* og PISA. Til viðbótar þessara stöðluðu kannana hafa reglulega farið fram viðtöl við starfsmenn, foreldra og nemendur.

Kannanir Skólapúlsins hafa myndað langstærstan hluta gagnagrunnsins sem innra matið byggir á, frá ári til árs. En auk þess er notast við formleg próf og annað námsmat, nemendasamtöl, foreldrafundi, starfsmannafundi, starfsmannasamtöl, rannsóknir sem skólinn tekur þátt í, ábendingar og fleira sem að gagni kemur. Samkvæmt Skildi, áætlun skólans gegn einelti, er tengslakönnun gerð árlega sem unnið er markvisst úr.

Upplýsinga hefur verið aflað, unnið hefur verið markvisst að úrbótum, skýrslugerð hefur verið sinnt og formlegar kynningar hafa farið fram ásamt úrbótum á árangursmati. Þá er ný Fræðslu- og frístundastefna Suðurnesjabæjar að líta dagsins ljós á vordögum.

### 3.2 Verkefni og mælikvarðar

Í Sandgerðisskóla er unnið að ýmsum verkefnum sem eru í stöðugri endurskoðun. Hér er átt við vinnu er tengist öllu starfsumhverfinu, vinnu starfsfólks skólans sem og nemenda.



Innan veggja skólans ríkir mikill vilji til að gera vel. Metnaður hefur verið lagður í að byggja upp vettvang til að meta vinnu og starfshætti starfsfólks. Kannanir hafa verið gerðar á meðal starfsfólks, hvað varðar aðbúnað, ráðstöfun auðlinda, þróunarstarf og unnið hefur verið að því að auka ytri tengsl við samfélagið. Kapp hefur einnig verið lagt á að ná fram sem bestum upplýsingum frá nemendum og er það gert t.d. með því að skoða niðurstöður kannana og miða þær við markmiðssetningu haustsins, sem og niðurstöður almenns mats og staðlaðra prófa á ári hverju, nemendasamtala, tengslakannanna og niðurstöður Skólaláps.

Kynningar á niðurstöðum hafa verið bættar þó enn megi gera betur. Starfsfólk hefur fengið góðar kynningar og hefur greiðan aðgang að öllum niðurstöðum formlegra kannana. Þegar að úrbótastarfi og markmiðasetningu kemur er þessi vitneskja hins almenna starfsmanns afar mikilvæg og það að vera vel upplýstir um stöðu mála eigi hópnum á að takast að ganga í takt og nám þeim markmiðum sem sett eru.

Mikil vinna var lögð í innleiðingu markmiðasetningar s.b. hæfniviðmið og námsmat. Þessi vinna og markmið hafa verið í stöðugri endurskoðun í takt við áherslur í samfélagi og með einstaklingsmiðun og ólíkar þarfir nemenda að leiðarljósi. Þá hafa matsviðmið verið skoðuð, samræmd og aðlöguð í samræmi við aðalnámskrá. Umhverfið þarf að bjóða upp á sjálfsrýni, stöðuga endurskoðun og eflingu mannauðs. Kjarasamningar kennara styðja við þessa vinnu þar sem aukið rými gefst til þróunarvinnu og uppbyggingar faglegra þátta skólastarfsins.

### 3.3 Matsáætlun

#### Rammi fyrir matsáætlun – 2021 - 2025 byggt á fyrri matsmarkmiðum.

Til að halda samanburði milli ára eru sömu kannanir lagðar fyrir en einstaka þáttur skoðaður sérstaklega eins og áætlunin gefur til kynna. Auka kannanir eru svo settar inn þar sem það á við.

Viðfangsefni sjálfsmats	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Námskrá – skipulag, stefna og markmið		x		
Nám – námsmat – námsárangur	x			x
Líðan nemenda, þarfir, starfsandi		x		x
Kennsla, starfþróun og fagmennska	x		x	
Líðan starfsfólks – starfsandi, samstarf	x		x	

Stjórnun	x		x	
Viðmót og menning skóla		x		x
Aðbúnaður			x	
Samstarf heimila og skóla		x		x
Ytri tengsl - samfélag	x		x	
Ráðstöfun auðlinda		x		
Þróunarstarf – einstök verkefni				x
Framtíðarsýn 2021-2025	x		x	

## 4 Aðferðir, framkvæmd og niðurstöður sjálfsmats

---

### 4.1 Rannsóknaraðferðir og þátttakendur

Rannsóknaraðferðir við sjálfsmat Sandgerðisskóla eru margþættar. Kannanir eru bæði framkvæmdar innan skólans sem og af viðurkenndum fagaðilum sem við eigum í samstarfi við líkt og Skólapúlsinn. Haldnir eru fundir, starfsmannaviðtöl fara fram sem og foreldrafundir, foreldrar koma í heimsókn og sækja foreldrasamveru, árangur nemenda er metinn með formlegum prófum og með öðru fjölbreyttu námsmati m.a. sjálfsmati nemenda. Ritaðar eru fundargerðir á formlegum fundum, skólanámskrá er endurskoðuð og gefin út samkvæmt lögum á hverju hausti, starfsáætlun er endurskoðuð og gefin út ár hvert lögum samkvæmt í takt við vinnu að fjárhagsáætlun. Samvinna er við teymi, sérfræðinga og fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar ásamt samstarfi við Hjallastefnu-leikskólann Sólborg. Nánar er fjallað um framkvæmd matsins, útgáfu og kynningar á mati í tímasettri áætlun (sjá töflu).

### 4.2 Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður sjálfsmats 2021-2022

#### Skólapúlsinn

Vinna þarf að bættum árangri nemenda með því að efla til muna þrautseigju þeirra í námi, styrkja trú þeirra á eigin getu og með því styrkja sjálfstraust þeirra. Bæta samskipti milli nemenda með áherslu á jákvæðan skólabrag og lýðræði. Viðhalda þarf jákvæðni gagnvart náttúrufræði á unglingsstigi. Skoða þarf áfram námsárangur nemenda í Sandgerðisskóla, úrvinnslu námsmats, metnað nemenda og hegðun og aga. Samhliða innleiðingu

samræmds námsmats þarf að gera matið meira leiðbeinandi og fjölþættara. Huga þarf að mannauði og tryggja að hver og einn fái að njóta sín sem best í starfi þannig að vinna og kraftur hvers og eins nýtist sem best fyrir alla aðila. Virkja þarf enn frekar samstarf milli heimilis og skóla, nýta bekkjarfulltrúa, áhugasama og meðvitaða foreldra og þann mátt sem býr í öflugum hópi forráðamanna.

Bæta þarf líðan og huga að skólabrag með fjölbreyttum kennsluháttum og vinna markvisst að því að auka vægi gleði og sköpunar í skólasamfélaginu. Rík áhersla hefur verið á skýr og markviss vinnubrögð í lestri, stærðfræði auk skimanna og skýrra vinnubragða við úrvinnslu og undirbúning staðlaðra prófa. Vinnan hefur skilað árangri í lestri og þar er tækifæri til að gera enn betur með skýrum og sameiginlegum markmiðum um árangur og vellíðan.

Helstu verkefni fyrir komandi skólaár

- Áframhaldandi áhersla á gleði, sköpun og fjölbreytni í kennsluháttum.
- Halda áfram að innleiða Byrjendalæsi, enn eru kennarar að hefja fyrsta ár og einhverjir á öðru ári. Mikilvægt að halda þessu vel heppnaða og skemmtilega verkefni við.
- Halda áfram að vinna að aukinni upplýsingatæknikennslu með forritun og verkfræði ívafi.
- Efla enn frekar nýju heimasíðuna með fréttum úr daglegu starfi.
- Opnari skóli, auknar fréttir og upplýsingar um starf innan veggja skólans til samfélagsins.
- Vinna áfram með samræmt námsmatskerfi.
- Efla enn frekar stoðþjónustu fyrir nemendur með sérþarfir, er orðið öflugt kerfi sem enn er þó í mótun.
- Auka áherslu á list- og verkgreinar ásamt almennri sköpun og samþætt við annað nám.
- Efla enn frekar Verkval á miðstigi.

- Skerpa á vinnu er varðar hópefli og sjálfstraust nemenda, efla félagsfærni og þrautseigju.
- Vinna markvisst eftir kennsluáætlun Skjaldar, Uppbyggingarstefunnar og verkefnum út Verkfærakistu Vöndu.

### Gagnaöflun, skráning og úrvinnsla

Allt starfsfólk gekkst undir könnun Skólapúlsins og að auki svarar allt starfsfólk spurningum um starfið, líðan og stuðning á vinnustað fyrir starfsmannasamtöl að vori.

Þá svara nemendur spurningalista á netinu. Spurningalista Skólapúlsins fyrir nemendur er skipt í fjóra flokka; *Virkni nemenda í skólanum, Líðan og heilsa nemenda, Skóla- og bekkjarandi, Opnar spurningar*. Valið á flokkunum og spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem var samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Umsjónarmenn og ráðgjafar eru Kristján Ketill Stefánsson og Almar Halldórsson.

### Tilgangur og markmið

Könnun á virkni, líðan og afstöðu nemenda, foreldra og starfsmanna til skólastarfs í Sandgerðisskóla er liður í sjálfsmati skólans. Sjálfsmatið miðar að raunhæfu mati sem hægt er að byggja áætlanir um úrbætur á og taka ákvarðanir er varða framtíð skólastarfsins á grundvelli þess.

Heildar niðurstöður lágu fyrir á vordögum 2022 í formi tölfræðilegra upplýsinga sem settar voru upp í myndrit. Þar kom fram samanburður milli skólans í heild og landsins annars vegar, fyrir mælingar skólaársins sem og samanburður við fyrri ár sem og samanburður milli kynja annarsvegar og árganga hins vegar fyrir nýliðið ár.

Við höfum nú nokkuð góðan samanburð milli ára þar sem skólinn hefur nýtt sér Skólapúlsinn frá skólaárinu 2008-2009. Niðurstöður fyrir úrtakið eru birtar á vefsvæði skólastjóra þegar 80% svörin í úrtaki er náð.

- Halda áfram aukinni og góðri samvinnu við félagsþjónustu og leggja áherslu á að hægt sé að veita ráðgjöf og bregðast við ástandi áður en mál eru komin í óefni.

### Almennt – allir starfsmenn Sandgerðisskóla

Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins og starfsmannasamtala jókst álag á starfsfólk milli ára þó enn sé marktækt minna álag hér en í samanburðarskólum. Í raun eru niðurstöður nánast óbreyttar frá fyrra ári, hlutverk eru skýr og jákvæðar áskoranir í starfi. Þá telur starfsfólk sig leikið í starfi og skuldbundið vinnustaðnum. Þá er skörun vinnu og einkalífs er minni í Sandgerðisskóla en meðaltal á landsvísu segir til um. Starfsandi og ánægja með vinnuaðstöðu er markvisst betri í Sandgerðisskóla en meðaltal á landsvísu en hefur þó farið markvisst niður á við miðað við árið á undan. Þá mælist stuðningur frá samstarfsfólki og stuðningur við nýsköpun marktækt yfir meðaltali og megum við vel við una því. Mismunur mælist nú sem áður markvisst minni í Sandgerðisskóla heldur en á landsvísu. Einelti í Sandgerðisskóla er nánast á pari við landsmeðaltal.

Hvað varðar stjórnun skólans þá mælist þættirnir: stuðningur frá næsta yfirmanni, sanngjörn forysta, valdeflandi forysta og ræktun mannauðs markvisst yfir landsmeðaltali.

Hvað varðar kennara þá er ánægja með kennarastarfið langt yfir landsmeðaltali og hefur aukist milli ára, trú kennara á eigin getur er nánast á pari við landsmeðaltal og upplýsingamiðlun milli heimilis og skóla er yfir landsmeðaltali þrátt fyrir að hafa dalað lítið á milli ára. Áætlaður meðaltími heimavinnu nemenda á viku hefur aukist frá fyrra ári. Undirbúningur kennslu í skólanum mælist nánast á pari við landsmeðaltali en hefur dalað mikið frá fyrra ári en þá mældist hann markvisst yfir meðaltalinu en þessa breytingu má væntanlega rekja til óstaðbundinna vinnu kennara. Öllum bekknum kennt í einu mælist markvisst yfir landsmeðaltali eða tæplega 22 % sem er umtalsverð aukning frá fyrra ári. Þá mælist einnig hópavinna í bekk yfir

landsmeðaltali sem er breyting frá fyrra þegar hún mældist undir landsmeðaltali. Einstaklingsvinna í bekk mælist yfir meðaltali en hefur dalað mikið frá fyrra ári en þá mældist hún í hæstu hæðum eða 25% yfir landsmeðaltali. Einstaklingsmiðuð kennsla mælist yfir landsmeðaltali en hefur dalað mikið frá fyrra ári. Áhersla kennara á námsmat með prófum sem og öðru en prófum hefur aukist mikið og mælist á pari við landsmeðaltal.

### Starfsmannasamtöl

Niðurstöður starfsmannasamtala er sambærilegar þeim sem koma fram í Skólapúlsinum. Starfsmenn sig ánægða með aðbúnað og vinnuaðstöðu. Þeir eru ánægðir með starfsanda og samskipti við nemendur og samstarfsfólk. Starfsánægja mælist mjög há meðal starfsfólks skólans samkvæmt starfsmannasamtölum. Mikilvægt er að viðhalda góðu upplýsingaflæði og er starfsfólk að mestu ánægt með minni fundarsetu og mælist vikupistillinn vel.

### Tækifæri til vaxta

Í könnun Skólapúlsins frá fyrra ári svöruðu kennarar því til að þeir noti stundum fjölbreyttar hópaskiptingar en einstaklingsvinna mældist þá mikil, nú mælist einstaklingsvinna nánast á pari við landsmeðaltal sem er það markmið sem við sem skóli stefndum að og mikilvægt er að viðhalda og er í takt við það sem fram kemur í Aðalnámskrá. Í Aðalnámskrá kemur m.a. fram að einstaklingsmiðað nám/námsaðlögun og fjölbreyttar kennsluáðferðir með mismunandi fyrirkomulagi (hópaskiptingar og hópavinnu sem dæmi). Mælingar sýna einnig aukningu á fjölbreyttu námsmati sem er ánægjulegt og breyting til hins betra frá fyrra ári þar sem einsleitt námsmat var áhyggjuefni. Mikilvægt er að viðhalda fjölbreyttu námsmati í samræmi við markmið Aðalnámskrá sem kveður á um að fjölbreytt námsmat við að ná fram hæfniviðmiðum og bera saman niðurstöður við næstu könnun á vordögum 2023.

### Starfsumhverfi kennara – kennarar – hafa í huga áfram

Varðandi starfsumhverfi kennara þá upplifa kennarar sig markvisst fá meiri stuðning vegna nemenda með námserfiðleika og nemenda með hegðunarörðugleika heldur en landsmeðaltal segir til um. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara mælist markvisst meiri hjá kennurum Sandgerðisskóla heldur en á landsvísu. Samráð um kennslu mælist markvisst minni hjá kennurum Sandgerðisskóla heldur en á landsvísu og þarf að skoða sérstaklega en samvinna kennara er nánast á pari við meðaltal. Fjöldi daga sem fara í símenntun mælist yfir landsmeðaltali hjá kennurum Sandgerðisskóla. Símenntunarpörf kennara mælist nánast á pari við meðaltal en hlutfall kennara sem hefðu viljað fá meiri símenntun sl. 12 mánuði mælist umtalsvert undir landsmeðaltali eða tæp 15% en ástæður þess þarf að rýna í þrátt fyrir að margir kennarar séu ýmist að ná sér í kennsluréttindi eða í viðbótarnámi er þetta umhugsunarvert. Síðasta vetur var þónokkuð um námskeið og skipulagsbreytingar til að mæta þessu og má nefna:

- Sérstakir fundir stjórnenda með árgangateymum til að sinna kennsluráðgjöf.
- Námskeiðið Verkfærakistan frá KVAN – til að bæta bekkjarbrag og sinna forvörnum í einelti.
- Starfsmaður sinni ráðgjöf í upplýsinga- og samskiptatækni sem nýtist í kennslu.
- Stuðningur stoðteymis við umsjónarkennara vegna kennslu nemenda með sérþarfir, sérstakan stuðning eða bráðgera nemendur.
- Aukning við stöðugildi vegna kennslu barna með íslensku sem annað mál og farið af stað með stuðning við kennslu í fjölmenningsumhverfi.
- Aukin ráðgjöf til nemenda.

## 4.3 Skólapúlsinn – foreldrakönnun

Svarhlutfall 83,3%

### Nám og kennsla

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum mælist 5,8 miðað við 5,4 á landinu sem er jákvætt marktækur munur. Foreldrar telja almennt að námslegum þörfum nemenda er mætt. Þá eru 93,5% foreldra ánægðir með stjórnun skólans. Einnig finnst foreldrum námsefni hæfilega þungt (87,4% segja svo vera) og hið sama má segja um aga sem þeim þykir hæfilegur (81,9%) og eru báðir þessir liðir yfir landsmeðaltali.

### Velferð nemenda

Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er á pari við landsmeðaltal, Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda í Sandgerðisskóla er 88,3% og 0,8 undir landsmeðaltali en hefur farið upp um 0,8 % frá síðasta ári. Hvað varðar líðan nemenda í skólanum, kennslustundum og frímínútum, þá telja 95,9% foreldra börnum sínum líða vel í skólanum sem er 3,9% yfir landsmeðaltali, í kennslustundum telur 94,8% foreldra nemendum líða vel sem er 2,5% yfir landsmeðaltali og 93,8% foreldrar telur að nemendum líði vel í frímínútum sem er 2,3% yfir landsmeðaltali. Umfang eineltis er að mati foreldra er 5,3% sem er 7,2% lækkun á milli ára og 4,3% undir landsmeðaltali sem er mjög góð þróun á milli ára og verður áskorun að viðhalda. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans í eineltismálum og samskiptavanda er 44,4% sem er 36,5% minna en frá fyrra ári og er 13,5% undir landsmeðaltali og sama á við um ánægju foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum sem mælist nú 38,9% sem er 42,1% minna en frá fyrra ári og er 12,8% undir landsmeðaltali þessum niðurstöðum þarf að bregðast við strax með því að auka við hraða á úrvinnslu skólans. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans mælist 83,1% og er 3,6% yfir landsmeðaltali en hefur dalað um 5,4% á milli ára.

Mat foreldra á meðaltíma eineltis er 1,6 stig sem er 0,2 stig yfir landsmeðaltali og hefur hækkað um 0,6 stig á milli ára.

### Aðstaða og þjónusta

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum og tómstundapjónustu mælist markvisst yfir landsmeðaltali. Ánægja með aðstöðu mælist 66 stig sem er 0,9 stigum yfir landsmeðaltali og ánægja með tómstundapjónustu mælist 5,6 og 0,4 yfir landsmeðaltali sem er ánægjuleg niðurstaða. Hlutfall nemenda í tómstundapjónustu/frístundaheimili er 65,3% og mælist 7,2% yfir landsmeðaltali og hefur aukist um 4,3% á milli ára. 76,2% foreldra eru ánægðir með máltíðir mötuneytis sem er aukning um 1,5% á milli ára og mælist 0,4% yfir landsmeðaltali. Notkun á mötuneyti mælist 90,6% og er 1,9% undir landsmeðaltali og hefur lækkað um 0,7% milli ára, engin ein skýring virðist vera á þessari lækkun.

### Foreldrasamstarf

Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi mælist 5,1 stig sem er 0,4 stigum hærra en landsmeðaltal og 0,4 stigum lækkun frá fyrra ári. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur mælist 66,3% sem er 6,6% hærra en landsmeðaltal og 4,6% lækkun frá fyrra ári. Að leitað sé eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina mælist 72,9% sem er 3,6% hærra en á landsvísu og hefur hækkað um 1,3% á milli ára. Ánægja með foreldraviðtal mælist 96,7% sem er 1,3% hærra en landsmeðaltal og hefur hækkað um 2,6% á milli ára. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum mælist 64,6% og er 7,9% yfir landsmeðaltali og er nánast á pari við fyrra ár. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra mælist 91,4% sem er 0,6% yfir landsmeðaltali og hefur dalað lítið eitt á milli ára. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans mælist 81,8% sem er 0,7% hærra en landsmeðaltal en hefur lækkað um 5,6% á milli ára. Foreldra upplýstir um stefnu skólans og námskrá mælist 72,6% sem er 0,3% undir landsmeðaltali og hefur lækkað um 2,1% á milli ára við þessum niðurstöðum verður brugðist strax við m.a. með því að kynna stefnu skólans

og námskrá fyrir foreldrum. Að þessu þarf að huga vel nú í kjölfar Covid-19 þar sem foreldrar hafa lítið mátt koma inn í skólann og lítið svigrúm hefur verið fyrir starfsfólk skóla að kynna þessa þætti fyrir foreldrum.

### Heimastuðningur

Virkni foreldra í námi barna sinna og vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu mælist markvisst yfir landsmeðaltali. Virkni foreldra mælist 5,6 stig sem er 0,6 stigum yfir landsmeðaltali og leit eftir þátttöku foreldra mælist 5,0 stig sem er 1,0 stigum fyrir landsmeðaltal. Hæfileg heimavinna að mati foreldra mælist 79,3% sem er 3,2% yfir landsmeðaltali og hefur hækkað um 9,3% á milli ára. Tími sem foreldra aðstoða nemendur við heimavinnu mælist 68,5% sem er 11,3% hærra en landsmeðaltal. Væntingar foreldra um háskólanám nemenda mælist 60,6% og er 10,2% minna en landsmeðaltal. Væntingar foreldra um iðnám barna sinna mælast 14,1% og mælast 3,3% undir landsmeðaltali og hafa lækkað um 10,3% frá fyrra ári.

## 4.4 Skólapúlsinn - nemendakönnun

Svarhlutfall 84,4%.

### Eldri þátttakendur

Úrtak nemenda úr 6. – 10. bekk gengst undir könnun á rafrænu formi í þrjúgang á skólaárinu. Í september, febrúar og maí. Fjöldi nemenda í hverju úrtaki er jafn úr árgöngum og eftir kyni. Þannig er reynt að tryggja að niðurstöður fyrir hvert úrtak komi frá breiðum hópi nemenda í skólanum og að þær endurspegli stöðu og skoðanir nemenda í öllum bekkjum.

### Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,2	121	0,2	4,4	16.560	-0,2
1.2. Þrautseigja í námi	3,7	121	-0,2	4,5	16.652	-0,8*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,6	121	-0,0	4,8	16.891	-0,2
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,8	121	-0,1	4,5	16.877	0,3*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,1	120	0,1	4,4	16.645	-0,3*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,8	121	-	4,9	16.854	-0,1

Líkt og á síðasta ári eru áhyggjur er varða vissa matsþætti sem þó hafa farið upp á við en eru á pari eða rétt undir landsmeðaltali. Ánægja af lestri hefur hækkað um 0,2 stig milli ára, þrautseigja í námi hefur dalað um 0,2 stig og er nú -0,8 stig marktækt undir landsmeðaltali og aðgerða er þörf. Áhugi á stærðfræði stendur í stað milli ára. Áhugi á náttúrufræði er markvisst yfir landsmeðaltali eins og sl. ár en hefur dalað lítilega á milli ára. Þegar kemur að trú á eigin vinnubrögðum í námi og trú á eigin námsgetu má sjá að sjálfstraust varðandi nám og sjálfstæði er ábótavant og þarf að bregðast við þessum niðurstöðum með markvissum hætti.

### Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,9	121	0,1	4,3	16.581	-0,4*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,1	121	0,1	4,3	16.537	-0,2
2.3. Velliðan	4,1	121	0,1	4,3	16.732	-0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	35	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,0	121	0,1	5,6	16.708	0,3*
2.6. Tíðni eineltis	18,3%	22/120	-2,0%	14,6%	2505/16639	3,7%
2.7. Staðir eineltis	-	21	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	33,9%	41/121	-5,0%	44,4%	7254/16290	-10,5%*
2.9. Holt mataræði	4,1	120	-0,1	4,6	16.431	-0,5*

Þegar kemur að sjálfsáliti, stjórn á eigin lífi og vellíðan hækkar stuðull skólans lítillega á milli ára sem en betur má ef duga skal er miður þar sem markmið starfsfólks síðasta árs var að auka vellíðan nemenda vegna slakrar niðurstöðu síðustu ára. Hvað varðar einelti raðast Sandgerðisskóli marktækt yfir landsmeðaltal en hefur tíðni aukist milli ára þrátt fyrir að hafa dregist saman síðustu ár. Tíðni eineltis hefur dregist saman á milli ára en mælist þrátt fyrir það yfir landsmeðaltali. Þeir staðir sem nemendur segja einelti eiga sér stað er í samræmi við íslenskar og erlendar rannsóknir og ber þar hæst að eineltið eigi sér stað á netinu. Niðurstöður á mælingum á tíðni hreyfingar nemenda tvisvar í viku eða oftast er áhyggjuefni og mælist marktækt minna en landsmeðaltal en brugðist verður við þessu með því að upplýsa þá sem stýra framboði íþróttu í bæjarfélaginu. Holt mataræði nemenda mælist einnig marktækt minna en landsmeðaltal sem er áhyggjuefni og verður brugðist við með aukinni fræðslu til nemenda.

### Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,5	120	0,1	4,8	16.405	-0,3*
3.2. Samband nemenda við kennara	5,1	120	-0,2	4,8	16.613	0,3*
3.3. Agi í tímum	4,3	120	0,1	4,9	16.595	-0,6*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,2	120	-0,2	4,9	16.552	0,3
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,9	120	-0,6	4,9	16.550	0,0

Samsömun við nemendahópinn hefur lítillega aukist en mælist marktækt undir landsmeðaltali. Samband nemenda við kennara mælist marktækt yfir landsmeðaltali þrátt fyrir að hafa dalað á milli ára. Agi í tímum er áhyggjuefni og mælist marktækt undir landsmeðaltali þrátt fyrir að hækka lítillega milli ára. Virk þátttaka dalar á milli ára en mælist enn yfir landsmeðaltali. Tíðni leiðsagnarmats er á pari við landsmeðaltal en hefur dalað talsvert á milli ára.

Mikilvægt er að leggja áherslu á góðan aga og áframhaldandi vinnu með verkefni er varða uppbyggingu sjálfsaga, Skjöld og KVAN.

### Svarhlutfall 91,6%

#### Yngri þátttakendur – læsi

Nemendur í 1.-5. bekk tóku í fjórða sinn þátt í könnun Skólalúpsins á vorönn. Könnunin skiptist í þrjá liði; ánægja af lestri, ánægja með skólann og vellíðan í skólanum. Ánægja af lestri mældist yfir landsmeðaltali í öllum árgöngum nema einum og verður farið í sérstaka vinnu að úrbótum í þeim árgangi. Ánægja nemenda með skólann mældist yfir meðaltali í öllum árgöngunum sem er mjög jákvætt. Vellíðan í skólanum er sá þáttur sem þarf að rýna mest í en þar mældust nokkrir árgangar undir meðaltali og rýna þarf í þær niðurstöður með kennurum og finna leið til úrbóta.

## 4.5 Önnur gögn

Annað mat sem skólinn tekur þátt í en ræður ekki framkvæmd nema að litlu leyti en nýtir sér niðurstöður ásamt öðrum gögnum sem skólanum berast.

- Rannsókn og greining, könnun meðal eldri nemenda
- Samband sveitarfélaga - mat á skólastarfi
- PISA
- Samræmd könnunarpróf í 4, 7. og 9. bekk en þau voru feld niður á skólaárinu 2021-2022.
- Samræmd lesferilspróf (MMS)
- Læsi – lesskilningspróf fyrir 1. og 2. bekk (MSHA)
- Orðarún og Lesfimi – lestrar og lesskilningspróf (MMS)
- Aðrar kannanir og mat sem Sandgerðisskóli er aðili, beinn- eða óbeinn þátttakandi í.

#### 4.5.1 Ýmsar kannanir

Til annarra gagna sem nýtast við sjálfsmatið teljast meðal annars; Starfsáætlun Sandgerðisskóla, Skólanámskrá Sandgerðisskóla, fjárhagsáætlun Sandgerðisskóla, fundargerðir formlegra funda, samantekt foreldrafunda, samantekt starfsmannaviðtala, samantekt stjórnendaviðtala við kennara, skýrslur þróunarteyma s.s. lestrarneyms, stýrihóps Skjaldar, áætlunar gegn einelti, útkoma úr viðtæku námsmati nemenda þ.m.t. niðurstöður samræmdra könnunarprófa þegar þau eru þeytt, vorskýrslur vegna sérkennslu, vororð kennara, skýrsla um starfsmannahald, fundargerðir skólaráðs Sandgerðisskóla, viðburðaskráning á vefsíðu skólans. Breyting var gerð á fyrirkomulagi starfsmannaviðtala fyrir nokkrum árum og er skráning og undirbúningur fyrir samtöl rafrænn, sem eykur skilvirkni, skráningu og úrvinnslu viðtalanna.

#### 4.3.1 Niðurstöður fleiri þátta

Þeir nemendur sem þurfa séraðstoð í námi og víkja frá markmiðum bekkjarnámskrár fylgja einstaklingsnámskrá sem umsjónarkennari, deildarstjóri og aðilar stoðþjónustu vinna í samvinnu við foreldra og nemendur sjálfa. Foreldrar samþykkja svo með undirskrift sinni. Í skólalok að vori vinnur kennari ásamt sérkennara vorskýrslu þar sem markmið einstaklingsnámskrárinnar eru metin sérstaklega.

Foreldrasamvera er á haustdögum, samskiptadagur er í október og á vorönn hafa foreldrar val um að velja sér tíma eftir skólalok nemenda til foreldraviðtals í samskiptaviku. Sendur er út listi með spurningum og efni til íhugunar fyrir viðtalið. Efni listans síðan rætt í samtali foreldra, nemanda og umsjónarkennara sem tekur niður athugasemdir og niðurstöður fundarins til nánari vinnslu. Einnig hafa nemendur kynnt nám sitt fyrir foreldrum á þessum fundum og hefur það reynst vel. Reglulega eru foreldrar hvattir til að koma í skólann og heimsækja börn sín og taka þátt í starfinu.

Stuðst er við mentor.is samskiptatæki á veraldarvefnum sem gerir samskipti innan skóla skilvirkari og upplýsingagjöf til foreldra, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila öflugri. Rík áhersla er lögð á að foreldrar nýti sér það einnig til upplýsinga um stöðu barns síns í námi og líðan þess. Þar er

skráð í dagbækur hvers nemanda fyrir sig allt það sem markvert telst og upplýsingar sem nauðsynlegt er að halda utan um. Þar skrá kennarar inn ástundun hvers og eins nemanda daglega. Færst hefur í aukana að kennarar nýti sér einnig samskipti í gegnum Facebook, þá sérstaklega varðandi tilbreytingu og almennar fréttir til nemenda- og foreldrahóps. Deildarstjóri í samvinnu við aðstoðarskólalastjóra fylgist með ástundun hvers og eins og bregst við ef mætingareinkunn er ábótavant líkt og sjá má í skólanámskrá. Ný heimasíða var tekin í notkun árið 2020 og er mikil ánægja með hana. Henni er ætlað að vera lifandi og í stöðugri þróun þannig að hún standist m.a. auknar kröfur um nýtingu snjalltækja. Heimasíðan er vistuð á slóðinni: [www.sandgerdisskoli.is](http://www.sandgerdisskoli.is). Þar má afla allra almennra upplýsinga um starfsemi skólans og starfsfólk hans.

Virkt upplýsingaflæði er innan skólans. Notast er við Teams og Sway pistlaformið og vikupistill sendur á allt starfsfólk með tölvupósti og pistil og upplýsingar á starfsmannasíðu Facebook.

Upplýsingaskjór er á kaffistofu þar sem upplýsingar og fundargerðir eru birtar og aðrar upplýsingar er varða starfið. Starfsmannafundur er fimm yfir veturinn og kennarafundur sex. Árgangafundur einu sinni í mánuði sem og sérfræðingateymisfundir en auk þess er fundað mánaðarlega með stuðningsfulltrúum og skólaliðum. Reynt hefur verið að gera fundi skilvirkari og hafa málefni þannig að þeir sem málið varðar séu boðaðir til funda aðrir ekki.



## 5 Samantekt og umbótaáætlun

Áætlun um næstu skref

Á haustdögum, skólaárið 2022-2023 verður gefin út starfsáætlun/framkvæmdaáætlun með fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og skýrsla um sjálfsmat skólans fyrir skólaárið 2021-2022 kynnt samfara. Þar fara saman upplýsingar og áætlanir um úrbætur og leiðir að áframhaldandi eða nýjum markmiðum sem samræmast sjálfsmati skólans. Mikilvægt er að kynna sér þessar tvær áætlanir samhliða.

### 5.1 Matsniðurstöður

Markmið og leiðir til viðhalds jákvæðra atriða og úrbóta varðandi neikvæðar niðurstöður.

#### 5.1.1 Styrkleikar

Þáttur	Mælikvarði	2021-22	Markmið	Aðgerðir 2022-2023
Ánægja foreldra með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda.	Skólapúls. Foreldrakönnun. Samtöl við foreldra, upplýsingar af teymisfundum.	Foreldrar í Sandgerðisskóla eru ánægðir með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda.  Þeir telja námsefni hæfilega þungt.	Öflugt einstaklingsmiðað skólastarf og fjölbreyttir kennsluhættir.  Viðhalda ánægju.	Halda uppi öflugtu, fjölþættu, einstaklingsmiðuðu skólastarfi.  Viðhafa góð samskipti og virkt upplýsingaflæði.
Foreldrar eru virkir í námi barna sinna.	Skólapúls. Foreldrakönnun.	Foreldrar segjast virkir í námi barna sinni.	Gefa foreldrum tækifæri til að kynna sér námið sem fram fer í skólanum og eiga í góðu sambandi við skólann.	Samvinna sem einkennist af virðingu og trausti og lýðræði sé virk.  Hafa skólann opinn og hvetja forráðamenn til þátttöku eins oft og hægt er.

Skólabragur og jákvæð samskipti.	Skólapúlsinn – Foreldra- og starfsmannakönnun.	Í opnum svörum foreldra kemur fram mikil ánægja með stjórnendur, starfsfólk almennt og vinnu gegn einelti.  Starfsfólk lýsir enn á ný yfir ánægju sinni með vinnustaðinn og stuðulinn hækkar áfram milli ára.	Að allir í skólasamfélaginu upplifi jákvætt andrúmsloft. Að við skólann starfi hæfir fagmenn og samskipti í skólanum einkennist af virðingu og jákvæðni.	Að viðhafa samskipti sem einkennast af hugmyndafræði uppbyggingar.  Að allir starfsmenn viðhafi jákvæð samskipti og leitist við að veita góða þjónustu.  Að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð.
Samskipti nemenda og kennara.	Skólapúlsinn – nemendakönnun. Samtöl og teymisfundir.	Nemendur upplifa að flestir kennarar séu áhugasamir um að þeim líði vel, að þeir fái auka aðstoð frá kennara ef þarf og að flestir kennarar séu sanngjarnir.	Að allir nemendur finni fyrir áhuga og aðstoð kennara sinna.	Auka þekkingu, leikni og hæfni kennara í námsaðlögun og virkri hlustun.
Árangur og kennsluhættir.	Skólapúlsinn - Foreldrakönnun, starfsmannasamtöl, samskiptadagar og formlegt námsmat.	Mikill meirihluti foreldra eru ánægðir með kennslu í skólanum.  Upplýsingamiðlun til foreldra er góð.	Að stefna að hámarks árangri hvers nemanda út frá þörfum, þannig að allir fái nám við hæfi.  Að hver nemandi sýni framfarir, skólastarf sé metnaðarfullt og nemendur fái að njóta sín í krefjandi námsumhverfi.	Mikilvægt að virkja hvern og einn nemanda og aðlagga námsefni að einstaklingum og hópum.  Að nám nemenda sé uppbyggjandi og hvetjandi þannig að þrautseigja, samvirkusemi og dugnaður ásamt ánægju og gleði skili nemendum hámarks árangri, sjálfstæði og mannkostum.
Starfsánægja.	Skólapúlsinn - starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl.	Starfsfólk finnur fyrir stuðningi stjórnenda og er ánæggt í starfi og með starfsumhverfi sitt.	Viðhalda ánægju.	Viðhalda ánægju með virku og lífandi skólastarfi og endurmenntun í takt við þarfir og óskir starfsfólks.

## 5.1.2 Veikleikar

Markmið og leiðir til úrbóta

Páttur	Mælikvarði	2021-2022	Viðmið	Aðgerðir 2022-2023
Námsaðlögun, mat og kennsla.	Starfsmannasamtöl, Skólapúls á liðnum vetri.	Dregið hefur úr einstaklingsmiðun og áhersla á námsmat með prófi hefur aukist. Þetta hefur þó lagast milli ára en betur má ef duga skal.	Aukin einstaklingsmiðun. Fjölbreyttari matsleiðir.	Efla þarf námsaðlögun/einstaklingsmiðun og huga að fjölbreyttari matsleiðum.
Sjálfsálit og líðan nemenda.	Skólapúlsinn - Nemendakönnun, einstaklingsviðtöl.	Sjálfsálit nemenda í Sandgerði mælist marktækt minni en gerist og gengur á landinu og vellíðan mælist rétt fyrir neðan landsmeðaltal.	Að allir nemendur hafi trú á eigin getu og efli sjálfstraust sitt	Nýta hugmyndafræði Uppbyggingar til að átta sig á þörfum sínum og til að efla sjálfsþekkingu og styrkleika sína.  Þannig geta nemendur byggt upp aukið sjálfstraust og eflt styrkleika sína.
Ánægja af lestri, er undir landsmeðaltali en hefur hækkað lítilsháttar frá fyrra ári.	Skólapúlsinn.	Þegar ánægja af lestri er skoðuð kemur í ljós að við höfum heldur risið en erum enn undir landsmeðaltali í einum árgangi.	Að nemendur hafi ánægju af lestri, nái árangri og sú vinna sem lögð er áhersla á í skólstarfinu skili sér beint til nemenda.	Að endurskoðuð lestrarstefna komi til fullra framkvæmdar og vinna að 5. útgáfu sé í fullum gangi.  Að auka vægi yndislestur og viðhafa fjölbreytta kennsluhætti og vinnu með lestur, bókmenntir og sögur.

Velliðan nemenda í skóla, hefur dalað.	Skólapúls nemenda og foreldra. Samtöl við foreldra, upplýsingar af teymisfundum.	Foreldrar í Sandgerðisskóla eru ánægðir með hvernig börnum þeirra líður í skólanum. Nemendur segja líðan ekki eins góða og árið á undan,	Viðhalda og efla ánægju og velliðan nemenda.	Auka enn frekar fjölbreytta vinnu með líðan nemenda. Vinna markvisst með verkefnum úr kennsluáætlun Uppbyggingar, Skjaldar og Verkfærakistu KVAN.
Tíðni eineltis.	Skólapúlsinn nemenda- og foreldrakönnun.	Tíðni eineltis er komið yfir landsmeðaltal. Farið upp á við síðan í fyrra.  Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans hefur aukist en úrvinnsla og hraði úrvinnslu þarfnast úrbóta.	Viðhalda jákvæðum samskiptum milli nemenda þannig að ekkert einelti líðist í skólanum. Almenn ánægja á að ríka hvernig unnið er með að samskiptavanda sem upp kemur.	Að virðing í samskiptum kristallist í öllu skólastarfi okkar.  Vinna áfram markvisst með Skjöld og samskiptateymi fyndi örar þegar upp kemur samskiptavandi.  Bregðast við einstaka málum af festu og með aðstoð við greiningu Skjaldar á vandanum.
Ánægja af lestri hefur dalað milli ára hjá einum árgangi á yngsta stigi.	Skólapúlsinn.	Þegar ánægja af lestri er skoðuð kemur í ljós að ánægja nemenda í 1. – 5. bekk hefur dalað hjá einum árgangi.	Að nemendur hafi ánægju af lestri, nái árangri og sú vinna sem lögð er áhersla á í skólstarfinu skili sér beint til nemenda.	Að halda áfram með innleiðingu Byrjendalæsis og efla enn frekar áhuga og jákvæðni nemenda á yngri stigum til lesturs og læsi.

## 6 Framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2022-2023

Unnið verður áfram að viðtækri öflun upplýsinga með viðtæku mati á skólastarfinu skólaárið 2022-2023 samkvæmt verkáætlun. Í kjölfar mats og útgáfu sjálfsmatsskýrslu fylgja kynningar og áætlun um framhald matsins fyrir komandi skólaár. Tryggja að könnun fari fram meðal nemenda, foreldra og starfsfólks í samvinnu við Skólapúlsinn. Sérstakri athygli verður beint að námskrá og skipulag náms (fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðun), þar verða stefna og markmið skoðuð, huga þarf að námsmati og námsárangri, líðan nemenda verður könnuð og unnið markvisst að aukinni vellíðan og sterkari sjálfsmynd með aðstoð verkefna uppbyggingarstefunnar, Skjaldar og KVAN, einnig verður nýtt námskeiði um Bekkjarfundi síðan 2020 sem og Hugarfrelsi. Áður taldir þættir verða skoðaðir sérstaklega ofan í kjölinn á næsta ári.

### Verkáætlun sjálfsmats 2022-2023

2022	Verkefni	Áætlun	Ábyrgð
Júní	Kynning á niðurstöðum foreldra- og starfsmannakannanna. Frumniðurstöður kynntar starfsmönnum.	Kynna niðurstöður og ræða þær meðal starfsmanna. Viðra hugsanlegar úrbætur og ástæðu fyrir niðurstöðum.	Skólastjórnendur.
Júní - ágúst	Sjálfsmatsskýrsla unnin og kynnt fyrir fræðsluráði. Farið vel yfir helstu niðurstöður matsins.	Farið yfir alla þætti áætlunarinnar og þeir metnir.	Skólastjóri.
Júní – október	Starfsáætlun 2022-2023	Starfsáætlun unnin. Kynnt á nýju skólaári í október 2022.	Skólastjórnendur.
Júní - september	Vinnumat og vinnuskýrslur	Unnið að vinnumati í samvinnu við kennara. Vinnuskýrslur er kynntar fyrir starfsfólki og kennurum til samþykktar og undirritunar.	Skólastjóri.
Ágúst - október	Upprifjun á niðurstöðum kannanna frá skólaárinu 2021-2022 og úrbótaáætlun sérstaklega kynnt og endurskoðuð með starfsfólki.	Taka fyrstu skref í úrbótaáætlun með kynningu.	Skólastjórnendur.

Ágúst – október	Kynning á sjálfsmatskýrslu og áætlunum skólans um úrbætur og viðhald.	Hafa allt skólasamfélagið með í vinnu við úrbætur. Sérstök áhersla á foreldra.	Skólastjórnendur.
Ágúst – desember	Endurskoðun / útgáfa skólanámskrár.	Ný og endurbætt skólanámskrá skólans sem samræmist nýjum áherslum hefur verið kynnt, nú fest í sessi.	Skólastjórnendur.
September	Samskiptavika	Kynningafundir fyrir foreldra þar sem skólastarfið er kynnt og skoðanir foreldrar viðraðar. Nemendur setja sér markmið.	Kennarar og skólastjórnendur.
September	Fjárhags- og framkvæmdaáætlun 2023.	Fjárhagsáætlun með framkvæmdaáætlun fyrir árið 2022 gefin út og kynnt. Skýrslu skilað til Suðurnesjabæjar.	Skólastjóri.
Október	Tengslakönnun lögð fyrir í öllum bekkjum og nemendaviðtöl framkvæmd.	Líðan og samskipti innan bekkja kortlögð og gripið til úrræða ef þurfa þykir.	Umsjónarkennarar, námsráðgjafi, Skjöldur og Skólastjórnendur/deildarstjóri.
Október	Uppgjör foreldraviðtala.	Farið yfir helstu niðurstöður foreldraviðtala á kennarafundi – áætlun um úrbætur sett fram.	Skólastjórnendur/deildarstjóri.
Desember 2022 – janúar 2023	Námsmat við annarskipti	Mat út frá hæfniviðmiðum fer fram, kennarar gefa nemendum umsögn.	Skólastjórnendur, deildarstjórar og kennarar.
September, október 2022 og febrúar, apríl 2023	Skólapúlsinn lagður fyrir.	Skólapúls lagður rafrænt fyrir úrtak nemenda eldri bekkja í þrígang yfir skólaárið. Skólapúls Sandgerðisskóla lagður fyrir yngri nemendur (1. – 5. bekk). Svokölluð broskallakönnun.	Aðstoðarskólastjóri.
2023			
janúar	Samskiptavika.	Foreldrar mæta til viðtals hjá umsjónarkennara. Málefni nemandans rædd, árangur, ástundun og líðan.	Deildarstjórar og kennarar.

Febrúar - mars	Starfsmannasamtöl.	Allt starfsfólk mætir í samtal að undangengnum svarlista. Stjórnendur Skipta með sér samtölum.	Skólastjórnendur.
Febrúar	Foreldra heimsóknir.	Foreldrar sérstaklega hvattir til að koma inn í skólann og fylgjast með skólastarfinu. Féll niður í fyrra vegna Covid-19.	Kennarar og deildarstjórnar.
Febrúar - mars	Kynning á niðurstöðum Skjaldar Um nýja könnun er að ræða samkvæmt eineltisáætlun	Víðtæk kynning innan skólans, til foreldra og skólamálayfirvalda.	Eineltisteymi – Kynning til fræðsluráðs á ábyrgð skólastjóra.
Maí	Talkennsla – sérfræðiaðstoð metin.	Deildarstjórnar fara yfir skýrslu með talmeinafræðingi, fara yfir veturinn og leggja línur fyrir næsta vetur.	Stjórnendur/deildarstjóri stoðþjónustu.
Júní	Uppgjör sérkennslu.	Fundað með öllum þeim sem koma að sérkennslu í skólanum. Skýrslum nemenda skilað og starfið metið, áætlun fyrir næsta ár lögð fram.	Stjórnendur/deildarstjóri stoðþjónustu.
Júní	Uppgjör nýbúafræðslu.	Fundað með öllum þeim sem koma að nýbúafræðslu í skólanum. Skýrslum um nemendur skilað og starfið metið, áætlun fyrir næsta ár lögð fram.	Skólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu og kennarar í nýbúafræðslu.
Júní	Framtíðarsýn - Fræðslu- og frístundastefna Suðurnesjabæjar	Leggja mat á það hvort að þeim markmiðum sem sett voru í nýrri Fræðslu- og frístundastefnu 2021-2026 hafi miðað í rétta átt og framhad skoðað. Formlegri sjálfsmatsskýrslu skilað.	Stjórnendur.
Júní og ágúst	Uppgjör á samstarfi leik- og grunnskóla í Sandgerði (Suðurnesjabæ). Gögn varðandi væntanlegan hóp lögð fyrir og farið yfir niðurstöður Hljómprófs.	Fundur haldinn með stjórnendum leikskóla og farið yfir samstarf og markmið vetrarins metið. Línur lagðar fyrir komandi vetur. Áætlun lögð fram. Farið yfir væntanlegan hóp nemenda í 1. bekk (2023-2024)	Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu.
Júní – september	Sjálfsmatsskýrsla.	Sjálfsmatsskýrsla og áætlun fyrir skólaárið 2022-2023 unnin og kynnt.	Stjórnendur – sjálfsmatsteymi.

<p>Á tveggja vikna fresti yfir skólaárið</p>	<p>Nemendaverndarráðsfundir.</p> <p>Teymi: aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu, nemendaráðgjafi, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og aðili frá félagsþjónustu.</p>	<p>Farið er yfir mál einstakra nemenda sem þurfa á einhvern hátt sérmeðferð, vinnslu eða úrræði. Skýrsla í formi fundagerðar liggur fyrir eftir hvern fund - Trúnaðarmál. Leiðir í sérfræðiaðstoð í sífelldri skoðun.</p>	<p>Skólastjórnendur og Fræðsluskrifstofa.</p>
--	--	---	---



## 6.1 Árangursmiðun – Framtíðarsýn metin

Ný stefna í skólamállum; Fræðslu- og frístundastefna Suðurnesjabæjar tekur gildi haustið 2022. Eldri Framtíðarsýn/Skólustefna 2016-20 er fallin úr gildi og skapaðist gat á milli. Fara þarf vel yfir markmið næstu 5 ára og setja þau upp í takt við stefnu bæjarins í skólamállum. Hafa skal í huga áhrif Covid-19 á skólustarf síðust þrjár annir og þá óvissu sem ríkir nú.

Lestur og lesskilningur.

*Vinna samkvæmt lestraráætlun Sandgerðisskóla, stefna að því að allir nemendur lesi daglega í skóla og heima. Gera framfarir enn sýnilegri, setja markmið með nemendum og forráðamönnum og efla eftirfylgd með heimalestri. Lögð sé áhersla á lesskilning, orðaforða og málskilning í öllum fögum í skólanum.*

**Hvernig miðar okkur áfram 2023:**

Allir lesa á hverjum degi í skólanum

Stuðningur, lestrarsprettir, aukinn stuðningur frá lestrarteymi, verkefnisstjóri, sjálfboðaliðar.

Allir lesa heima á hverjum degi

Fylgt vel eftir.

Lestrarstefnu fylgt upp allan skóla (1. – 10 bekk)

Lestrarstefna endurskoðuð og hún kynnt fyrir öllu starfsfólki og foreldrum

Mjög öflugt lestrarteymi og tveir verkefnastjórar læsis.

Mikilvægur stuðningur

Vellíðan nemenda í skóla.

Vinna samkvæmt áætlun Uppbyggingar, Skjaldar og Verkefnakistu KVAN. Einnig unnið með Hugarfrelsi, bekkjarfundir haldnir einu sinni í viku samkvæmt kennsluáætlun Uppbyggingar. Vinna með þarfir og líðan markvisst og aðstoða hvern nemanda við að finna styrkleika sína.

**Hvernig miðar okkur áfram 2023:**

Líðan nemenda er síðri - mikilvægt að rýna betur í orsakir

Meira um einelti - mikilvægt að rýna betur í orsakir

Allir halda bekkjarfundi vikulega

Unnið með þarfir og samkvæmt áætlun Uppeldi til ábyrgðar

Fylgt vel eftir af stjórnendum

Stefna og skipulag í Uppbyggingar, Skjaldar og Verkefnakistu KVAN endurskoðuð og kynnt fyrir öllu starfsfólki og foreldrum

Þurfum að efla starfsfólk í þessari vinnu.

Mikilvægt er að styðja enn frekar við bekkjarvinnu varðandi lífsleikni nemenda.

---

Sandgerðisskóli 2022



Bylgja Baldursdóttir, skólastjóri

# Innra mat

Hvað er það og fyrir hvern?

Innra mat samanstendur af greiningu á gögnum um og úr skólastarfi sem saman er safnað yfir veturinn ásamt faglegri ígrundun stjórnenda og starfsfólks. Þannig verður starfsfólk meðvitaðra um hversu vel tekst að ná markmiðum, fylgja Aðalnámskrá og hvaða árangur sé af starfi skólans allt með þarfir nemenda í huga. Byggt er á leiðbeiningum um innra mat grunnskóla eftir Sigríði Sigurðardóttur (2016) og unnið út frá spurningunum:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru styrkleikar okkar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Innra mat er sífellt endurtekið ferli sem sett er upp í 5 skref:



**Kerfisbundið – markmiðabundið- samstarfsmiðað – byggt á traustum gögnum – greinandi og umbótamiðað – samofið öllu skólastarfi – opinbert**